

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Njarðvík, 10. Febrúar 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl.

Mál nr. 419/2020-2021

Er varðar breytingar á 3 gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 vill Royal Iceland hf. koma eftirfarandi á framfæri.

Félagið ásamt öðrum útgerðum hefur stundað veiðar á ígulkerjum undanliðin ár þar sem veiðar hafa verið takmarkaðar við og með ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar á hverju ári, ásamt ákveðnum heildarfjöld útgefina leyfa. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst útgerðunum erfitt og rýrt rekstrargrunn og framfarir við nýtingu. Má þar nefna sem dæmi að ígulker safna hrognafyllingu frá sumri fram að vori þar sem veiðar að hausti gefa af sér rýrari hrognafyllingu en veiðar seinna að vetri. Við það fyrirkomulag sem í gildi er eru útgerðirnar sendar til veiða í kappi við hvor aðra á þeim tíma sem erfitt er að vinna góða vöru úr ígulkerjum. Þegar líður á veturinn og hrogn af góðum gæðum til vinnslu hefur heildarafla verið náð og veiðar stöðvaðar. Fyrirkomulagið er því augljóslega samfélagslega óarðbært og dregur úr arðbærni án þess að ná fram neinum málefnalegum markmiðum.

Umrætt frumvarp gefur ráðherra sjávarútvegsmála heimild til að hlutdeildarsetja veiðar á hryggleysingjum svæðisbundið eftir framvindu og þróun veiða eftir svæðum. Mikilvægt er að skilja eðli þessara veiða þar sem fá svæði gefa af sér ígulker af þeim gæðum að mögulegt sé að nýta þau til matvælaframleiðslu. Því verða öll möguleg útbreiðslusvæði ígulkerja aldrei nýtt við strendur Íslands. Við núgildandi lög þyrfti því að bíða lengi eftir því að fullar nytjar kæmust á ígulker á öllum svæðum, sé það skilningur löggjafans að slíkt sé skilyrði fyrir hlutdeildarsetningu. Ekki getur talist skynsamlegt eða í samræmi við anda gildandi laga um stjórn fiskveiða að viðhalda ólempískum, en takmkörkuðum kappveiðum um langt tímabil.

Það er því afstaða Royal Iceland hf. að ráðherra sé að bregðast við á ábyrgan hátt við þeirri stöðu sem upp er komin m.t.t. álitserðar starfshóps sjávarútvegsráðherra frá Júlí 2019. Félagið styður tillögu ráðherra að lausn í málinu með breytingum á 3. Gr. Laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þar sem ráðherra fær heimild til að úthluta aflahlutdeild til veiða á staðbundnum nytjastofnum hryggleysingja.

Virðingarfyllst

Lúðvík Börkur Jónsson

Royal Iceland